

Guðni Baldursson og Helgi Magnússon

1997

Viðtal tekið fyrir verkefnið Svona fólk

Spyrill: Steingrímur Sævar Ólafsson

Upptaka: Hrafnhildur Gunnarsdóttir

BetaCAM 9724, 9725, 9726, 9727

© Krumma films ehf.

*SSÓ: Þetta byrjar þá fyrir árið 1978. Hvað er að gerast í ykkar lífum fyrir 1978?*

G: Við þekktumst nú ekki þá en ég var rétt orðin kunnugur yfirborði skemmtanalífsins, en raunverulega ekkert voðalega mikið inni í sjálfu aðalhommalífinu í bænum. Það var nokkrum árum fyrir 1978 sem ég fór svona aðeins að stunda skemmtistaðina, það var Klúbburinn og aðallega Klúbburinn.

*SSÓ: Hvernig kom þetta þér fyrir sjónir á þessum tíma?*

G: Það var nú gaman að fara á þessa staði og kynnast fólki en það hefur aldrei átt við mig sjálfan þetta skemmtanalíf, ég hafði gjaman viljað kynnast lífinu á annan hátt þá. En það átti eftir að rætast úr því.

*SSÓ: Mikið þukur?*

G: Já, mér fannst það mikið þukur.

H: Voru ekki leyninúmer og svoleiðis?

G: Allskonar svona

H: Kvótar

G: Allskonar aðferðir notaðar við að tala við menn og tala saman þegar aðrir heyrðu og svoleiðis.

*SSÓ: Eins og hvað?*

G: Það var, mér líkaði alltaf sjálfum illa við þetta, ég eiginlega kann ekki að rifja það upp.

*SÓÓ: En fyrir 78?*

H: Já, ég var ekkert þá í skemmtanalífinu, ég var svo seinþroska um alla skapaða hluti. En á þessum árum var ég í ákveðnum trúarsöfnuði, það átti hug minn allan. Þannig að ég leiddi ekkert hugann að þessu fyrr en eftir að ég flutti úr landi. Ég fór ekkert að velta þessum málum fyrir mér fyrr en að alvöru '76, '77 og þá bara á almenningsbókasafni.

G: Já það má eiginlega segja það sko að ég komi eiginlega bóklegu leiðina inn í þetta. Ég var farinn að lesa mér til löngu áður en ég fór á vettvang sjálfur. Þannig að ég kom svona dálítið óvenjulega leið, eða við báðir, að þessum málum. Þannig að við vissum eiginlega báðir hvað við vorum að gera þegar við fórum af stað. Ég held að það hafi verið eftir á að hyggja mikill kostur, þó maður hafi kannski tapað nokkuð mörgum árum framan af.

*SSÓ: Hvernig var úrval lesefnis?*

G: Ég pantaði mér bækur frá útlöndum, bækur og blöð. Fékk auglýsingar frá Þýskalandi og Englandi aðallega og pantaði mér bara í póströfu.

*Svona fólk*

*SSÓ: Þýddi eitthvað að leita að lesefni hér á landi?*

G: Ja, ég veit það ekki, datt það ekki hug einu sinni. Átti ekki von á því, að minnsta kosti. Þetta var náttúrulega á þeim tíma sem maður eiginlega heyrði aldrei talað neitt um samkynhneigð eða þeirra málefni á nokkun hátt. Hvorki maður sjálfur eða frá fræðispekúlöntum eða fjölmiðlum eða neinstaðar. Þannig að maður varð eiginlega að fara í landafundaferð sjálfur.

*SSÓ: Það var engin umræða um þetta.*

G: Nei, alls engin. Þetta var allt saman, á skotspónum og neðanjarðar. Og þannig náttúrulega kynntist maður fólki þegar maður var sjálfur farin að skilja hvernig átti að fara að því. Þá komst maður í kynni við fólk.

*SSÓ: Kikjum aðeins á árið '78, þegar verið er að stofna Samtökin '78. Hvernig gerðist það?*

G: Það var þama um veturinn '78 þá hafði verið stofnað félag sem hét Iceland hospitality sem ég vissi um en tók engan þátt í. Og menn sem voru þar og fleiri menn sem höfðu margir búið til dæmis í kaupmannahöfn og þekktu til félagsins þar. Þeir vildu fara að koma þessu á fastari fót. Og ég var meðal eitthvað 50-60 manns sem var boðaður á fund og þá voru held ég tveir, þrír undirbúningsfundir og á endanum voru nú miklu færri sem tóku þátt í að stofna félagið. Og satt að segja voru langflestir mjög ókunnugir, og þekktu í raun bara þessa afþreyingarhlið og fáir sem höfðu hugsað úti að þetta yrði hagsmuna- eða baráttufélag, sem ég vissi þá að þessi félög voru jafnframt erlendis. En þau hagsmuna- og baráttusamtök sem voru þá kannski búin að starfa í 30 ár en almenningur þekki þau mest, hvað á maður að segja, þau ráku samkomustaði. Það er nú kannski vegna þess að ég þekkti þessa hlið á þessu, að það lenti á mér að verða fyrsti formaður. Sem ég hafði alls ekki hugsað mér í upphafi.

*SSÓ: Hvernig tilfinning var það?*

G: Það var náttúrulega mikil ábyrgðartilfinning. Og maður varð náttúrulega að hugsa hvað á maður að gera. Og maður sá náttúrulega strax að maður yrði bara að venja sig við það að tala fyrir hönd félagsins. Þýddi ekki að hafa hagsmuna- og baráttufélag sem var enginn til þess að tala fyrir. Þannig að ég fór eiginlega að undirbúa mig undir það að koma fram opinberlega frá upphafi. Og það tók náttúrulega smá tíma. En svo kom að því.

*SSÓ: Hvernig komu Samtökin þér fyrir sjónir?*

H: Ja, þau voru ekki til þegar ég kom til landsins.

G: Þau voru rétt að byrja.

H: Já, ég skrifaði í pósthólfið sem Iceland Hospitality hafði og það var, þetta var afskaplega undarlegt. Sko maður var náttúrulega með sína fordóma eins og allir aðrir, mér fannst ég vera frjáls

eins og fuglinn að hafa uppgötvað þetta í útlöndum á þessu bókasafni. Og hélt að nú væri allt breytt á Íslandi og allt svo opið og yndislegt. Auðvitað var maður alinn upp við sömu fordóma þannig að, maður vissi um vissa einstaklinga sem skáru sig úr í bæjarlífinu, og, og já ég var svo fordómafullur eða mér fannst það vera sjálfgefið að þessir menn hlytu nú bara að vera í þessu félagi. Þannig að ég var ekki með neinar vöflur ég bara hringdi og fékk nú ekki blíðar móttökur.

*SSÓ: Hvernig móttökur fékkstu?*

H: Bara, þeir vildu ekkert af þessum félagskap vita, hefðu aldrei komið nálægt honum og myndu aldrei gera. Og já, ég skrifaði í pósthólfíð og þetta var svona dálítið kræklótt leið, það var enginn hægðarleikur að komast í samband við fólk eða komast í þannig samband sem ég var á höttunum eftir þ.e.a.s. bara vitsmunasamband. Bara að tala við aðra mannesku, aðra samkynhneigða manneskju. Það var kannski ekkert akkúrat það sem var efst á baugi hjá þeim aðilum sem ég komst í samband við fyrst. Það bara var þannig, það var bara í stíl við annað, fólk kunnir ekki að umgangast öðruvísi en á skemmtistöðum trúlega. Já svo var ekki fyrr en ég komst í samband við Guðna, kynntist Guðna fljótlega eftir það

*SSÓ: Segðu mér aðeins frá því?*

H: Já hvernig var þetta, þetta var nú eiginlega svona bóka og blaðasamband fyrst. Var það ekki?

G: Jú, jú.

H: Ég fékk lánaðar bækur og lánuð blöð og þetta var bara mjög fallett og þetta var yndislegt.

*SSÓ: Vitsmunasamband?*

H: Já, það var það. Mér fannst voðalega spennandi að koma hingað og skila blöðum í pósthólfíð, pósthólfíð hans Guðna. Ég vonaðist alltaf eftir að mæta honum á Hringbrautinni. Þetta var nú eiginlega bara fyrirsíttur að koma þessum blöðum í póstkassan. Og já, þetta var bara mjög fallett.

*SSÓ: Þú verður fyrsti formaðurinn?*

G: Já.

*SSÓ: Þú ákveður að þú þurfir að koma fram opinberlega? Hvernig var það?*

G: Það var dálítið kvíðvænlegt í fyrstu. En ég vissi alveg hvað ég var að gera og undirbjó mig. Las mér heilmikið til og vissi að maður þyrfti að tala máli félagsins og tala máli félagsins við þá sem réðu einhverju í þjóðfélaginu, þannig að það var komið af stað. Þá var það mjög ánægulegt að tala við fólk og svo skrifa í blöðin og svona.

H: Þú skrifaðir í blöðin og ég lánaði nafnið mitt og mynd.

G: Já, það var bara fyrst um sinn.

H: Þannig var það.

*SSÓ: Hvers vegna var það?*

G: Það stóð nú bara þannig á fyrir mér að mér þótti heppilegra að það myndi hægast aðeins. En það var brýnt tilefni að skrifa, tímamót í ákveðnu máli. En það var erfitt að tala við fólk í sambandi við þessi baráttumál okkar en það eru 20 ár síðan. Og það var mjög sláandi að fólk sem vissi allt um lífið og tilveruna, þekkti heiminn, að þegar að maður kom og kynnti sig sem formaður Samtakanna '78, félags lesbía og homma, að þá þóttist það vera alveg eins og barn. Þóttist ekkert vita upp né niður. Var voða hissa. Maður þurfti að byrja á byrjuninni að kenna því um hvað væri að ræða. Fólki fannst lengi vel eins og það væri siðferðisleg skylda að látast vera ókunnugur málinu.

*SSÓ: Það voru ekki alveg allir sem áttuðu sig á hvurslags samtök Samtökin '78 áttu að vera og héldu kannski meira að þetta væri meira svona dreifingarstöð.*

G: Já, það fór ekkert eins mikið í taugarnar á mér eins þegar að einhverjir hommar úti bæ spurðu mig: Hvernig gengur með kúbbinn? Það þótti mér alveg óþolandi. Því að hérna þrátt fyrir að þetta hafi verið félagsstarf og slíkt, að þá vildi ég ekki að fólk fengi þær hugmyndir að þetta væri einhver klúbbur. En hérna jú við heyrðum náttúrulega í, þegar við vorum byrjaði að hafa símatíma, sem var nú héma heima hjá okkur í okkar síma framan af, þá heyrðum við oft þessi viðhorf í símanum og bréfum, þessi viðhorf sem félagið fékk. Og þetta eru eðlileg viðbrögð. Fólk sér kannski í fyrsta skipti einhverja leið og auðvitað þegar félagið var komið af stað og menn voru farnir að hittast á einhverjum félagslegum grundvelli að þá náttúrulega kynntust menn. Það er náttúrulega leið til að fólk kynnist að taka þátt í félagstarfi og rabbi saman og þessháttar. En þetta var samt aldrei einskonar miðlunarstöð. Það kom aldrei til greina.

*SSÓ: Það voru einhverjir sem héldu það.*

G: Margir.

H: Og urðu vondir þegar þeir komust að því að svo var ekki. Bara öskubreifandi illir. Þar á meðal erlendir sendimenn.

G: Einu sinni fengum við bréf frá manni sem sagðist vera búsettur í einu landi en inni í öðru landi og er að koma til Íslands og vildi vera hérna í alla vega viku og vildi að við sendum mann á hótelið og hann fékk bréf til baka um að það kæmi ekki til greina, en hann gæti komið og talað við okkur ef hann vildi. Síðan kemur símhringing frá hótelinu og hann er staddur þar og kvartar yfir því að það sé enginn kominn ennþá. Hvernig standi á þessu. Og við útskýrum það fyrir honum alveg upp á nýtt, hvernig þetta sé. Svo eftir nokkra daga þá kemur önnur hringing, það er sami maður, öskubálillur og segist aldrei hafa verið í útlöndum í eins leiðinlegri ferð og það sé okkur að kenna. Lítið fyrir okkur að gera í því. En svo tveim dögum seinna þá sé ég ljósmynd í Mogganum og nafn

þessa manns undir og þá var þetta sendiherrann í heimsókn á Íslandi. Þetta var sendiherra lands sem að Alþjóðasamtök lesbía og homma voru í barattu við þá. Og ef við hefðum vitað að þetta væri hann, þá hefðum við farið með kröfuspjaldið að hótelinu og mótmælt.

*SSÓ: Hvar hélduð þið fyrstu fundina?*

G: Fundir voru nú strjálir framan af og heima hjá félagsmönnum, svo leið að því að við vorum með opið hús heima hjá okkur svona einu sinni í viku, var það ekki?

H: Jú eitthvað svoleiðis.

G: En árið '80 þá tókum við á leigu litla kytru niðri í Garðastræti og þar var opið hús tvisvar í viku.

H: Þínulitla og loftlaus kytru, niðurgrafna, galtóma það voru engin húsgögn þar.

G: Félagið var tekjulaust og það gekk ekki að leigja þetta lengi sko. Þannig að við urðum aftur húsnæðislaus og það var opið hús hérna heima. Þangað til að félagið fór uppá Skólavörðustíg '82 og síðan þá má segja að félagið hafi haft húsnæði og fékk eigin síma. Það var mikil breyting þó að það sé nú merkilegt að síminn hérna okkar væri auglýstur upphaflega þá urðum við fyrir afar litlu ónæði, það var mjög sjaldan sem við fengum leiðinlegar hringingar. Minna um það heldur en ég átti von á í upphafi.

*SSÓ: Þið voruð líka í sóknarsalnum?*

H: Fyrsti auglýsti fundur samtakanna var haldinn í sóknarsalnum á Freyjugötunni, horninu á Freyjugötu og Skólavörðustíg. Það var mjög skemmtilegt. Hann var nú eiginlega auglýstur, ég held nú eiginlega bara meira til þess að ögra og kanna viðbrögð fólks. Við vissum nokkurn veginn fyrirfram að það myndu ekki margir félagsmenn mæta, það var nú bara þannig. Og við fengum skömm í hattinn fyrir að auglýsa fundinn hjá blessuðum sóknarkonunum, henni Aðalheiði Bjarnfreðsdóttur. Þær voru ekki sáttar við þetta, að það væri auglýst. Hún var mjög brúnaþung blessunin. Og það var, sko það var meira að ske fyrir utan fundarsalinn heldur en inni í fundarsalnum fannst okkur. Kannski hefur þetta bara verið noja í okkur, en allavega okkur fannst vera fullt af bílum þarna og fullt af skimandi fólki upp við gluggann. Ég veit nú ekki hvort það er rétt. Manst þú eftir því Guðni?

G: Jú, jú það er mjög eðlilegt að fólk kæmi og skimaði þarna því það er aldrei að vita nema einhver kæmi álitlegur út.

H: Þannig séð já.

G: Og gætu hafist einhver kynni sko.

*SSÓ: Þið farið að auglýsa símann, lítið ónæði segið þið, en eitthvað?*

H: Já, já, það var það, en líka sko, já, en eins og Guðni segir það var ekkert óskaplega mikið, það var enginn ruddaskapur eða svoleiðis, engar hótanir eða eitt eða neitt. Það er nú bara eitthvað sem við höfum upplifað mjög lítið af.

*SSÓ: En einhverjir sem kunnu að nota sér símann rétt til að komast í samband við ykkur?*

G: Það var mjög mikill fjöldi sem hringdi á meðan vorum með símann hérna heima og náttúrulega líka eftir að félagið var komið í húsnaði. Og símatíminn hefur verið mjög mikilvægur tengiliður öll þessi ár, fyrir fólk að nálgast, því þó að þetta sé nú orðið auðvelt og sjálfsagt að fólk lifi í samræmi við kynhneigð sína núna að þá tekur það einstaklinginn kannski langan tíma að stíga skrefið til fulls. Sumir eru náttúrulega strax tilbúnir og skella sér úti lífið en aðrir eru mun lengur bæði að ná áttum og svo að drífa í því að, að haga sér í samræmi við það.

H: Það er svo skrítið, ætli Samtökin '78 hafi ekki verið með fyrstu félögum sem hafði svona símaþjónustu? Nú er þetta sjálfsagt, að fólk í alls konar hugleiðingum getur, veit hvert það á að leita, getur tekið upp símtólið og hringt. En á þessum árum að þá var ekki bara samkynhneigt fólk sem hringdi í símatímunum, það var fólk í allskonar vandræðum, með allskonar erindi sem, ég segi fyrir mig, var enginn maður til að leysa úr. Fólk sem var, já menn sem kannski voru í einhverjum kynskiptihugleiðingum sem að bara, ég var svo grænn að ég ætla bara að vona að ég hafi ekki skaðað neinn með því sem ég lét út úr mér stundum bara af forvitni, ég var svo undrandi. Og allskonar fólk í allskonar hugleiðingum tengt þessu öllu saman. Hvert það er og hvað það er og hvað það vill og allt þetta. Það var ekki bara samkynhneigt fólk sem hringdi heldur bara allskonar fólk. Þessi símatími hefur líklega verið langt, langt á undan sinni samtíð.

*SSÓ: Eitthvað var rætt um mögulegar hleranir?*

H: Já, við höfðum það á tilfinningunni já.

*SSÓ: Hvernig?*

G: Okkur fundust stundum einkennilegir smellir í símanum. Það var bara það sem við höfðum fyrir okkur.

H: Dálítið mikið undarlegir smellir.

G: En hvað það var meira það veit maður ekki neitt.

H: Svo líka á þessum árum vorum við sem allir aðrir ofurvarkárir í þessum málum. Það mátti ekki blettur falla á þessi samtök og kannski, kannski gekk það stundum dálítið langt, ég veit það ekki. Þetta átti að vera svo ofboðslega vammblaust, bara nánast eins og saumaklúbbur. Ekki

rétt? [*Litur á Guðna*] Alla vega okkur var annt um það að þessi samtök væru virt og félli enginn skammarblettur á þau og yrðu ekki bendluð við neitt svona misjafnt.

G: Já það var svona ríkjandi skoðun hjá okkur og þeim sem að stóðu fyrir félaginu

*SSÓ: Þið fóruð síðan að reyna a.m.k að auglýsa í fjölmiðlum.*

G: Já, það var mjög skemmtileg saga sko. Fjölmiðlar voru afar varkárir eins og við [*hlær*] og það varð úr þessu sko dálítið stríð og við völdum eiginlega úr fyrst og framst Ríkisútvarpið vegna þess að það er opinber stofnun og verður að hlýða almennum lögum og ræður sér ekki alveg sjálft. Og það varð úr heilmikil barátta, margar heimsóknir og bréfaskriftir og samtöl við pólitíkusa og svoleiðis. Og þetta náði hámarki með því að Norðurlandaráð lesbía og homma sem félagið var aðili að fór af stað með póstkortamótum um Norðurlönd til að mótmæla þessu. Við vildum meina það að það að banna auglýsingar þar sem lesbíur og hommar væru ávörpuð að það væri að meina þeim þjóðfélagsþegnum að fá að miðlað til sín upplýsingum eins og öðru fólki. Það mátti segja Þingeyingar, Skagfirðingar og svo framvegis og við vildum geta notað þennan miðil til að miðla upplýsingum til þessa folks. En það hérna var svo skrítið og er kannski enn, að margir halda að við þurfum ekkert að auglýsa, við þekkjum bara alla hommana og lesbíurnar og hringjum bara í þau og segjum þeim hvað er að gerast o.s.frv. Það er náttúrulega langminnstur hluti fólks af samkynhneigðum sem að hérna tengist félaginu á formlegan hátt eða þannig maður veit hverjir eru. Og svona félagi er nauðsynlegt eins og öðrum að miðla upplýsingum og tilkynningum opinberlega.

*SSÓ: Hvaða svör fenguð þið uppi í Ríkisútvarpi, afhverju máttuð þið ekki auglýsa? Og hvaða kröfum neituðu þeir?*

G: Þegar ég kom í fyrsta skipti með skrifaða auglýsingu uppá auglýsingaskrifstofu, hún var svona: Lesbíur, hommar, munið fundinn í safnaðarheimili Langholtskirkju í kvöld, Samtökin '78.

Þá ætlaði fyrst að líða yfir afgreiðslukonurnar og ein þeirra hljóp með þetta bréf eitthvað í burtu og kom svo aftur nokkru seinna og sagðist hafa talað við útvarpsstjóra og þar var búið að strika yfir lesbíur og hommar og skrifa kynvillingar.

H: Var lokið við orðið? Var það ekki bara kynvill?

G: Jú. Og það var náttúrulega endinn á þeirri heimsókn í það skiptið. En svo náttúrulega á fundum bæði uppi í Útvarpi og eins í samtölum við auglýsingastjóra DV og blaðamenn sko að þá kom nú í ljós sko að menn voru svo, höfðu enga fordóma sjálfir og í raun og veru styddu baráttu okkar en vildu reyna að hlífa okkur fyrir hérna grimmd annarra með koma í veg fyrir að við værum nokkuð að erta menn með svona auglýsingum. Þetta voru eiginlega rökin sem að maður fékk. Og lengi framan af var það þannig að maður fór með svona smá fréttatilkynningar í blöðin, ekki bara með



auglýsingar, fréttatilkygningar, þá fór maður með þetta upp á hverja ritstjórn fyrir sig, og þar var manni sagt t.d hjá Morgunblaðinu að ég ætti að vita að þeir vildu ekki að ég kæmi með þetta þangað. DV, Dagblaðið og Vísir voru mjög svona erfið. Vísir var nú, birti nú reyndar fyrstu greinina.

H: Já og líka þar var þetta tekið fyrir í forrystugein.

G: Já, en Dagblaðið var erfitt. Tíminn var dálítið góður held ég og Þjóðviljinn líka. En svo náttúrulega fór þetta að breytast mjög fljótlega. Það ræki nú einhver upp stór augu núna ef einhver ætlaði að fara að auglýsa, kynvillingar, komið á fund.

H: Já það mætti segja mér.

*SSÓ: Hvaða viðbrögð fékkst þú, Guðni, við svona frá umhverfinu við það að þú værir að koma fram og vera formaður Samtakanna? Varðstu fyrir áreiti?*

G: Nei, yfirleitt alls ekki. Viðbrögðin voru yfirleitt engin. Maður fékk voða lítil viðbrögð við hverju sem var gert. Og afhverju það var veit ég ekki. Menn hafa séð að ég hafði rétt fyrir mér held ég. Þetta er nefnilega málstaður sem er svo voðalega auðvelt að berjast fyrir, það sáu allir réttisýnir menn að félagið var að stefna, það var á réttri leið og var erfitt að mótmæla, hérna mótmæla okkar málflutningi með rökum. Og félagið fékk oft mjög góðar viðtökur, ja við prófuðum allt, við prófuðum að fara í safnaðarheimili og við prófuðum svona félagsheimili verkalýðsfélaga og svoleiðis og það gekk yfirleitt vel. Ég held að það sé reynsla okkar beggja að við höfum orðið, fólk hefur ekki sýnt okkur fordómama sjálfum.

H: Nei, ég myndi segja það að hérna...

G: Það hefur komið fyrir náttúrulega. En ekki neitt sem að er teljandi.

H: Það er ekki nema folk sé í algeri nauð. Þegar allt þrýtur hjá því að verja sig af einhverjum ástæðum þá slettir það fram einhverju sem það heldur að sé manni eitthvað viðkvæmt mál. Nei, aldrei í vinnu eða, nei. Aðeins einu sinni en það er svo makalaust fátánlegt vegna þess að við vorum svo afskaplega lítið á skemmtistöðunum, nánast aldrei, og það er svo kostulegt að á öllum stöðum á jarðríki skyldum við aðeins einu sinni upplifa þá í tengslum við eitthvað svoleiðis.

*SSÓ: Segðu mér þessa sögu.*

H: [Við Guðna] Þú mannst eftir Óðalsmálinu, þú kannt að segja frá því betur.

G: Já, það var þegar Óðal var aðal hommastaðurinn og við fórum þangað stundum auðvitað, og í eitt skiptið þá sko, vorum við látnir vera, vera táknmynd hommanna eða fulltrúar allra homma á Íslandi á Óðali.

H: Og alls þess sem að þeir gerðu og sögðu.

G: Því það var náttúrulega biðröð oft í þá daga og klukkan orðin dálítð margt og svo þegar röðin var komin að okkur að hleypa inn, það var nú alltaf verið að hleypa út og hleypa inn, og þá allt í einu stöðvast röðin í langan, langan tíma.

H: Óra-, óratíma.

G: Og fólk orðið afar órólegt þarna við dyrnar. Og svo er opnað aðeins til að hleypa út fólki og svona þeir gæta sín ekki dyraverðirnir þá fer ég inn fyrir þar sem er fatahengi og þar. Þar flugu þeir á mig og hentu mér í gólfið og svona, urðu smá slagsmál og þegar maður spurði hverju þetta sætti þá var bara það að við ættum að vita að við ættum ekki að koma þarna inn. Svo varð ekkert meira úr því þarna heldur kærði ég þetta til lögreglunar og svona.

H: Við fórum strax niður á miðbæjarstöð.

G: Og það náttúrulega varð aldrei neitt úr því. En það kom fram sko hjá þeim Óðalsmönnum sko eftir á, að herna ég hefði átt að vita það að mínir menn hefðu verið til vandræða þarna helgina áður eitthvað svoleiðis. Þetta var svona í gamla daga að fólk sá bara einn hóp. Allir voru í hópnum og þá var hægt að taka einn útfyrir og gera hann að fulltrúa hópsins. Manni finnst þetta náttúrulega voðalega furðulegur hugsunarháttur núna, þetta hefur gerst síðar með svertingja og svona, á skemmtistöðum, að menn eru teknir sem tákn einhvers hóps.

H: Svo líka hjá Rannsóknarlögreglunni, spurningarnar voru svona svipaðar, í ætt við það sem konur, margar konur hafa verið spurðar gegnum tíðina.

G: Þetta fór suður í Auðbrekku.

H: Það hlaut að vera eitthvað að hjá okkur, okkar framkomu.

G: Já við vorum spurðir hvernig við værum klæddir og eitthvað svona alveg út í hött. [*hlær*]

H: Kröfugöngurnar.

G: Fyrstu kröfugönguna fórum við tveir. Fyrsta maí einu sinni. '82 minnir mig.

H: Skíta djöfuls kulda.

G: Stilltum okkur upp á endanum fyrir neðan stjórnarráðið. Fengum mynd af okkur í Tímanum held ég. Og síðan urðu fleiri kröfufundir, einu sinni við Alþingishúsið. Það er nú voða erfitt að standa fyrir kröfugöngum á Íslandi sko. Það er eiginlega að verða liðin tíð.

H: Þessi var nú heldur ekki mjög auðveld.

G: Og náttúrulega fáir af þessu fólki sem að var tilbúið til þess að koma náttúrulega á mynd í fjölmiðlum. Svona göngur lesbía og homma erlendis eru orðnar svona meira skrautsýningar og

skemmtisýningar. Okkar vantar langtum meira fjölmenni hérna og betra veður til þess að standa í svoleiðis. Þó hefur nú verið reynt að halda svona göngu.

*SSÓ: Þið voruð ekki í neinni skemmtigöngu fyrsta maí?*

H: Alls ekki. Ég er nokkuð viss um það að við höfum sofið lítið nóttina áður. Við stukkum ekki bara beint út á götuna sísvona, eitthvað spontant. Ó, nei. Manstu hvar við, við fórum á hjólinu, hjólunum með einhver tvö spjöld? Hjóluðum eftir Hringbrautinni og að gamla Kennaraskólanum og vorum að þæla í hvað við ættum að gera og hvernig við ættum að gera það. Manstu eftir því?

G: Já, það var nú kannski vegna þess að ég var búinn að hringja í hérna starfsmann, starfsmann, hvað heitir það? Fyrsta maí-nefndin, þeirra aðila sem að stóðu fyrir göngunni og nefna hvort það væri ekki í lagi ef við slægjumst í hópinn. Og ég fékk neitun við því. En við fórum nú samt og fórum í gönguna.

H: Það var ekkert svo óskaplega erfitt að standa þama. Ekki þegar á hólminn var komið.

*SSÓ: En það var kalt?*

G: Já, það var dálítið kaldur fyrsti maí.

*SSÓ: Segðu mér aðeins frá fleiri svona kröfugöngum. Alþingishúsið, það var minnst á það.*

H: Það var svona staða við Alþingishúsið.

G: Það var í sambandi við auglýsingabannið í útvarpinu og það alltsaman sem það var. Það voru nú fleiri, það voru sjö manns eitthvað svoleiðis sem tóku þátt í því.

H: Það byrjaði við útvarpshúsið, við Skúlagötu.

G: Við gengum frá útvarpinu. Niður að þinghúsinu. Og þá var þetta nú orðið svona vel sýnilegt í þjóðfélaginu. En hérna það var alltaf verið að hugsa út einhverjar leiðir til að sjást og líka varð að finna út einhverjar leiðir til að láta skerast í odda. Þess vegna varð eiginlega fyrsta baráttumálið, það varð bæði að láta skerast í odda og eins að breyta sko hugarfari folks og talsmáta, það var einmitt þessi barátta að koma að orðunum hommi og lesbía og útrýma orðinu kynvillingur. Því þegar maður er með svona gildishlaðin orð eins og kynvillingur og trúvillingur og hvað þau heita öll að þá í raun og veru er öll umræða útilokuð. Það er ekkert hægt að vera að tala af skynsemi og hugsunum um eitthvað sem að heitir svona gildishlöðnu heiti sko. Það var eiginlega rauði þráðurinn í þessari opinberu baráttu að berjast fyrir bættu orðavali og breyttri afstöðu og svo að láta skerast í odda við fjölmiðlanna og þá sem svona var við að eiga í því sambandi. Og ég held að það noti ekki nokkur maður lengur önnur orð en hommi og lesbía og samkynhneigður.

*SSÓ: Það fór mikið dálkpláss á sínum tíma í það hvað ætti að kalla þetta.*

G: Það á nú við um fleiri hluti á Íslandi hvað þeir áttu að heita, eins alnæmi og eyðni og það allt saman. En ég held að það hafi verið þess virði að fara þessa leið og raunverulega hafi þetta verið eina færa leiðin til að hefja umræðuna. Að fá folk til að hugleiða það að svona getur maður ekki komist að orði ef maður ætlar að tala skynsamlega.

*SSÓ: Nú er ekkert mjög langt síðan Mogginn notaði á tímabili örfkynja.*

G: Menn fóru þarna á tíma, af einhverri góðsemi hugsa ég, að reyna að fara að frumsemja einhver orð eins og kynhvarfi og þau öll. Sem okkur var mjög uppsigað við. Því að maður tekur ekki, við vorum ekki að leita að einhverju eðalbornu íslensku orði, heldur því að menn myndu endurmeta afstöðu sína. Það að fara að finna upp einhvert annað skrúðyrði fyrir kynvillingur með sömu hugsun, það var ekki það sem við vorum að leita að. Við vorum að leita að því að það yrði tekið upp orð sem fæli ekki í sér neikvæða hugsun.

---

G: Það auðvitað takmarkaðist af styrkleika félagsins sem var aldrei náttúrulega, aldrei mjög mikill. Og það var aldrei á þeim tíma, það voru tiltölulega fáir á þeim tíma tilbúnir til aðkoma fram opinberlega en þeim fjölgaði smám saman. Og í raun og veru þegar það koma fram svona nokkrir menn með góðan málstað, réttlátan málstað, að þá náttúrulega vinnst heilmikið.

*SSÓ: Hvernig fannst þér, eða ykkur, líta út svona fystu árin? Voru þið hræddir um að þetta myndi lognast útaf?*

G: Nei, ég var eiginlega viss um það að eftir svona tíu, fimmtán ár værum við búin að ná heilmiklu fram. Ég talaði nú mikið um það í félaginu sko að við yrðum að hugsa um hvað við vildum. Það voru náttúrulega mjög margir sem að voru nýkomnir inn í félagið voru mjög uppteknir bara af því að vera komnir í félagið og voru mjög uppteknir af því að félagið væri einskonar athvarf. Það voru meira að segja margir mjög á móti því að félagið væri yfirleitt að tala opinberlega. Þess vegna varð náttúrulega að tala fyrir því að fólk hefði svona framsýn og það þurftu ekki endilega allir að vera í einhverri baráttu, heldur að hérna einhverjir fengjust til að vera í baráttu og að þeir fengju að vinna að þeim málefnum. Hérna sko þetta er merkilega gamalt miðað við þróunina erlendis. Það er náttúrulega, ég vissi að baráttan var komin á hátt stig t.d. í Þýskalandi fyrir Hitlerstímann sem slökknaði svo alveg á náttúrulega, útrýmt. En strax eftir stríð eru komin félög í Danmörku og Hollandi. Bæði með félagsstafrsemi og einstaklinga sem eru að berjast útávið. Og í Svíþjóð og Noregi strax eftir '50 sko svo verður þessi bylting í Ameríku, Stonewall '69 og menn fara að sjá

Þetta sem afl sem að getur breytt hlutunum ef það vill. Þessar hugsanir breiðast mjög fljótlega út og til þessara félaga í Evrópu sem voru stór og kröftug og höfðu mikla félagsstarfsemi. En í öllum þessum félögum urðu mjög mikil átök um það hvort menn vildu halda áfram að hafa þetta svona lokað athvarf þar sem menn væru í friði fyrir vondu umhverfi, svo menn gætu leitað í skjól, eða hvort þetta ætti að vera svona framsækið félag fyrir þá sem ynnu út á við og væri raunverulega hagsmuna- og baráttufélag. Og það var t.d. í Stokkhólmi klofnaði félagið út af því að það varð ofan á að taka niður þessar þungu gardínur sem þeir höfðu fyrir, menn settu upp skilti og svona, og þetta varð til þess að talsverður hluti þeirra sem höfðu sótt þessa staði, treystu sér ekki til þess lengur, vegna þess að þeim ógnaði svo hvernig baráttan var að verða opinber. Þetta var náttúrulega bara tímabundið, menn þurftu að átta sig á því að það voru breyttir tímar. Og þessi barátta hefur breiðst út um allan heim og Alþjóðasamtök lesbía og homma eru komin með félög í öllum heimsálfum og vissa stöðu hjá Sameinuðu þjóðunum og víðar. Þannig að þessi barátta hefur gengið mjög vel og okkar barátta er bara eðlilegur partur af þróun sem hefur verið að gerast í heiminum. En við verðum náttúrulega að muna að það er ekki sjálfgefið að framfarirnar haldi áfram og það verði ekki nein afturför því að það hefur gerst áður eins og í Þýskalandi á nasistatímabilinu og víðar náttúrulega. Í Bandaríkjunnum eru t.d. mjög sterk öfl sem hafa unnið mjög mikið gegn réttindum lesbía og homma. Gáfust nú meira og minna upp um 1980 en eru mjög sterk samt svona í vissum hópum, vissum landsvæðum, vissum fylkjum. Og það er aldrei að vita hvenær að hérna félagið þarf að fara að standa vörð um það sem þegar hefur áunnist og við þurfum að vera tilbúin til að halda vöku okkar því að hérna það er ekkert sjálfgefið að allir styðji réttlæti og sanngirni í heiminum. Það er viss hluti folks sem telur misrétti vera svona já, ákveðið tæki til stýra þjóðfélaginu sér í hag. Þannig að hérna við verðum að vera vakandi fyrir því að standa vörð um það sem áunnist hefur og halda áfram að berjast fyrir því sem liggur fyrir. Það eru komin hérna ágætis lög um staðfesta samvist en samt ekki gallalaus og það er margt annað sem á eftir að nást í gegn og á eftir að nást í gegn. En það verður samt að standa vörð um þetta allt saman.

*SSÓ: Segðu mér frá þessum fyrstu blöðum?*

G: Félagið gaf út svona fréttabréf. Aðallega fyrir félagsmenn og það var nú bara fyrst stensilþrykkta á gamaldags apparati en svo nokkrum árum seinna þá fórum við að gefa út svona aðeins betur gerð blöð sem við kölluðum *Úr felum*. Og við fórum með það og seldum. Við ríkið og annarstaðar sem var von á góðri sölu.

*Svona fólk*

*SSÓ: Hvernig viðbrögð fenguð þið þarna fyrir utan Ríkið?*

H: Þetta var mjög skemmtilegt. Það fannst mér. Þau voru bara yfirleitt ágæt sko allavega engin ónot. Hreint ekki. Folk var forvitið og maður sá svona já, maður taldi sig svona já. Jú, við fengum bara góð viðbrögð og þetta var skemmtilegur tími.

G: Það er náttúrulega skemmtilegur tími þegar maður finnur svona framfarir dag frá degi. Félagið var alltaf að færast í aukana og við vorum alltaf að ná til fleiri og fleiri og fá góð viðbrögð frá fleira fólki. Það var mjög gefandi einmitt að fara svona og selja blöðin og við vorum oft líka á skólafundi og svoleiðs. Fundi hjá félögum og svoleiðis. Það var mjög skemmtilegt og aldrei leiðinlegt. Og það var mjög mikill áhugi hjá ungu fólki að fá okkur í heimsókn.

*SSÓ: Segðu mér aðeins frá skólafundi til dæmis með guðfræðinemum?*

Það var nú held ég bara fyrsti fundurinn, ef ekki með þeim allra fyrstu. Var það ekki fyrsti fundurinn sem við fórum á þarna?

H: Já ef ekki þá einn af þeim allra fyrstu.

G: Uppi í guðfræðideild og það voru nemendur sjálfir sem að báðu um okkur um að koma á fund og það voru mjög skynsamlegar umræður og gefandi held ég á báða bóga og kannski eigum við eitthvað í því að kirkjan er svona að feta sig áfram á réttri braut gagnvart okkar málstað og réttindum. Maður verður nefnilega alltaf að hugsa í dálítið löngum tíma sko, maður þarf að hugsa svona tuttugu ár fram í tímann. Þetta kemur allt saman. Það tekur tíma.

H: Nei okkur fannst það ekki rétt. Bara frá fyrstu tíð fannst okkur það ekki gott mál þessar svörtu myndir sem voru að birtast. Og þess vegna þegar Guðni var að skirfa fyrstu greinarnar sínar, en af persónulegum ástæðum, gat ekki haft nafnið sitt og mynd með þá þó ég væri enginn bóguur í það þá fannst mér þetta það mikið rétt að það yrði að vera mynd og nafn með, að ég lánaði sem sé mynd af mér og nafnið mitt í sambandi við birtingu þessara greina og ég sé ekkert eftir því.

*SSÓ: Hvað er það svona í prinsippinu sem þið eruð andvígir siluettviðtölum?*

H: Já á þessum tíma sko, og það sem tengist okkar málstað. Okkur fannst þetta vera réttur málstaður. Okkur fannst, mér fannst, frá því ég uppgötvaði þessa hlið á mér fyrst að það væri réttur minn að elska og mér fannst svo mikið frelsi að uppgötva það, að það var bara sjálfsagt mál. Frekar styrkur en hitt.

*SSÓ: Förum aðeins inn á lesbiumar, ykkar sýn á þeirra starf innan Samtakanna.*

G: Þær voru nú mjög fáar í upphafi sko. Það var ein og ein sem slóst í hópinn en seinni árin hafa þær verið mjög virkar og ég held að það hafi gengið miklu betur fyrir lesbíur og homma að vinna saman heldur en víða erlendis. Víða hefur orðið klofningur og gengið illa að vinna saman en hjá okkur hefur það gengið vel held ég.

H: Á fyrstu árunum voru þær nú mjög fáar. Þær eru alveg teljandi á fingrum annarar handar fyrstu árin er það ekki rétt?

G: Jú, jú, það er rétt.

*SSÓ: Hvers vegna haldið þið að það hafi verið?*

G: Það geta verið svo margar ástæður sko. Það voru hommar sem að voru leiðandi í félaginu og margar lesbíur sjá sig frekar sem kvenréttindakonur fremur en fyrst og fremst lesbíur. Ég held að sú afstaða hafi verið mikið ríkjandi framan af sko. Ég held að það sé orðið breytt líka núna að lesbíur og hommar sjái betur hvað þau eiga sameiginlegt heldur en áður var, ég held það.

*SSÓ: Haldið þið að þær hafi haft mikil áhrif á samtökin?*

Auðvitað væru þetta öðruvísi samtök ef að þetta væru hrein hommasamtök. En hvort það væru nokkuð betri samtök það stórefast ég um [*hlær*]. Ég held að það sé langfarsælast að vinna saman að þeim málum sem að fólk á sameiginleg. Svo finnst mér allt í lagi að hérna, að maður sé bara í tveimur félögum sko ef maður vill eða þremur. Og ef maður hefur einhver sérá hugamál sem hommi eða sérá hugamál sem lesbía að þá getur maður bara starfað með öðrum hommum eða lesbíum að þeim málum. Það þurfa ekki endilega allir að vera saman um allt. En það er nauðsynlegt að eiga sameiginlegt félag um það sem þetta fólk á sameiginlegt.

*SSÓ: Tölum um þennan fyrsta dansleik. Hvað voru margir sem töldu þetta mikilvægt skref, hvernig augum þið lituð á þetta. Og þessi styr sem varð útaf myndbirtingunni og hvernig þið komuð inn í þetta.*

G: Já, dansleikurinn á Manhattan var fyrsti svona opinberi dansleikurinn sem við auglýstum og það var náttúrulega mjög mikið framfaraspor að hann var haldinn og náttúrulega drjúgur þáttur í þróun félagsins. En náttúrulega eins og gengur og gerist voru ekki allir sammála um hvemig ætti að standa að þessu. Ég kom sjálfur ekkert að framkvæmd dansleiksins heldur voru það menn sem voru áhugasamir um slíkt og kunnu það. Svo var þetta einhvernvegin þannig að myndir sem voru teknar af fólki sem var að skemmta sér rötuðu inn í tímarit. Og menn tóku því mjög misjafnlega vel því það voru alls ekki allir sem að voru á þessum myndum sem voru tilbúnir til þess að birtast á prenti og áttu ekki von á því að þó það væri verið að taka myndir á staðnum að þá væru það myndir til

birtingar. Það varð dálítið mikið uppistand út af þessu eftir á í félaginu og leiðindi. Menn þurftu bara að læra hvernig á að vinna að svona hlutum sko og fyrst og fremst að virða sko rétt einstaklingsins til þess að vera í felum ef hann vill vera í felum. Það er nauðsynlegt að menn geti komið á samkomur í svona félagi án þess að eiga það á hættu að vera afhjúpaðir gegn vilja sínum. Ef að það er ekki tryggt þá er raunverulega verið að stöðva það að folk sem er á báðum áttum, fólk sem er ekki tilbúið, að það treysi sér til að koma á samkomu. En þetta var mjög gott skref í upphafi að standa fyrir þessum dansleik.

*SSÓ: Og menn gátu lært af þessu?*

G: Það ætla ég að vona að menn hafi gert. Kannski hafa ekki allir skilið þetta á sama hátt eða séð þetta sömu augum. En sem sagt þetta var mjög gott skref í heild.

*HRA: Fóruð þið á hann?*

G: Já já já. Ég stoppaði voðalega stutt.

G: Þegar ég var að sjá fyrir mér hvernig maður ynni að því að koma hlutunum á framfæri, og ég er sjálfur svona frekar pólitískur þó að ég hafi engan þátt tekið í pólitískri starfsemi, að þá fannst mér alveg kjörið tækifæri og áhugavert að taka þátt í stofnun Bandalags jafnaðarmanna á sínum tíma '83. Það var mjög mikið svona ný hugsun þar og ég sá fyrir mér að þetta væri mjög góður vettvangur til þess að tengjast pólitík og það æxlaðist þannig að nafnið mitt var komið á framboðslista. Ég var nú ekki það ofarlega að ég fengi nokkuð kjörbréf en það var mjög gaman að þessu.

H: Og þetta var líka gagnlegt.

G: Þetta var mjög gagnlegt og ég held það hafi verkað á báða bóga. Reyndar voru sumir þar innan dyra sem voru dálítið skelkaðir en almennt var fólk áhugasamt um það ég væri þarna með sem ja, einskonar tákn fyrir þessa nýju þjóðfélagshreyfingu sem við vildum vera.

*SSÓ: Menn fóru þá að skoða stöðu samkynhneigðra.*

G: Menn fóru þá að skoða stöðu samkynhneigðra og einn af þingmönnum bandalagsins bar fram þingsályktunartillögu 1985 með stuðningi þingmanna úr flestum flokkum um afnám misréttis gagnvart lesbíum og hommum, samkynhneigðu fólki og þó svo að þessi tillaga yrði ekki útrædd, það er mjög sjaldgæft með svona þingmannatillögur að þær verði útræddar, þá var þetta mjög mikilvægur undanfari tillögunnar '92 sem leiddi síðan til nefndarstarfanna og setningar laganna um staðfesta samvist. Ég set þetta nú svona í samhengi og mér finnst það sýna að maður þurfi að hugsa svolítið í löngum tíma.



*SSÓ: Förum svolítið inn í starfið í nefndinni.*

G: Nefndin var mjög skemmtileg. Það tók langan tíma að koma henni af stað, en þegar við vorum komin af stað og farin að kynnast sem að vorum í nefndinni að þá var þetta góð samvinna. Og við stefndum svona nokkurnveginn í sömu átt. Við, fulltrúar Samtakanna '78 í nefndinni, við höfðum minnihlutaálit í ályktun nefndarinnar, við studdum flest allt gott sem meirihlutinn lagði til en við vildum ganga lengra. Okkur fannst til dæmis rangt að þar lesbía eða þar homma megi ekki ættleiða, það megi ekki vera með ættleiðingu stjúpbarna því það er náttúrulega fyrst og fremst hagar barnanna að fá þau réttindi sem að fylgja ættleiðingunni og við gerðum líka fyrirvara um kirkjulega vígslu að hún skyldi ekki vera leyfð og við gerðum líka fyrirvara um það að við vildum fá fram hegningarlagaákvæði sem er reyndar komið inn núna með seinni lagabreytingu á hegningarlögum um bann við því að neita manni um vöru og þjónustu sem boðin er í atvinnuskyni á grundvelli kynþáttar og kynhneigðar og svo framvegis. En samt, þetta var mjög stórt skref starf þessarar nefndar og sú lagasetning sem að hérna kom í framhaldi af því og mjög ánægulegt hvað málið fékk góðan stuðning á þingi og ég held að við höfum samt núorðið almennan stuðning við réttindamál okkar.

*SSÓ: Fannst þér allir í nefndinni vera jafnáhugasamir um...*

G: Já, já, það voru allir mjög áhugasamir. Menn voru misjafnlega vel undirbúnir þegar starfið hófst en voru allir jafn ánægðir með niðurstöðuna.

*SSÓ: Alnæmi, hvernig heyrið þið af því fyrst?*

G: Ja, hvernig var þetta? '82 - '83 er þá ekki farið að tala um þennan einkennilega sjúkdóm sem að leggist aðallega á homma í Ameríku. Þetta voru mjög dularfullar fréttir fyrst og maður vissi ekki hvernig maður ætti að skilja þetta og enginn vissi það í raun og veru. Og við náttúrulega vorum áskrifendur að erlendum blöðum og sáum að þetta var farið að vekja mikinn ótta erlendis, í Ameríku eiginlega eingöngu þá. Og umræðan fór út um víðan völl og var mjög sérkennileg. Menn gátu nú sagt sér sjálfir ef þeir vildu að þetta gat ekki verið neinskonar krabbamein sem leggjast á tiltekinn þjóðfélagshóp eins og fyrstu fréttir voru nú. Þetta hlaut að vera einskonar smitsjúkdómur sem að sýndi sig að hann breiddist út á þann hátt. Hér á Íslandi þá voru fréttirnar mjög einkennilegar fyrst. Þetta voru svona undrunarfréttir. Og já þetta var ákaflega fjarlæggt. Þetta var eitthvað sem var í öðru landi og herjaði á svona minnihlutahóp sem menn höfðu ekki þekkt mjög vel. Þetta, umræðan varð mjög ævintýraleg og eins og oft verður þá sko að það var ekki alltaf verið að leita að sannleikanum heldur var þetta meira og minna, í blöðunum hérna, jafnvel skemmtiefni. Maður man eftir hérna

forsíðumynd í DV af einhverjum sjúkrastarfsmanni í einkennisbúningi og þetta átti að vera framtíðarsýn á Íslandi á sjúkrahúsunum. En það er líka mjög náttúrulega, þessi umræða hún sló manni skelk í bringu og þegar að fer svona að líða á og það fer að kvisast að einhverjir séu smitaðir á Íslandi að þá hafði þetta mjög einkennileg og erfið áhrif innan félagsins. Þetta varð dálítið mikið svona tabú. Eitthvað sem að mátti ekki ræða. Það átti enginn að vita hvur var smitaður og hvur ekki og þetta var ákaflega erfitt. En þegar að leið nokkuð á þá herna dreif félagið í að halda fund þar sem að komu landlæknir og fleiri læknar og ræddu þetta og þá eiginlega opnaðist umræðan innan félagsins. En hún var samt mjög erfið á þeim tíma sko því að menn voru mjög hræddir sjálfir, þeir sem voru smitaðir, voru mjög hræddir bæði við umheiminn og bara aðra í félaginu og menn voru hræddir við smit og vissu ekki hve lítil hættan er á þeim smitast. En svona utan félagsins hér á landi þá var líka mjög, umræðan var mjög á villigötum sko. Mér er mjög minnisstætt þegar kom einu sinni fréttamaður og vildi tala við okkur, það var á þessum árum, um alnæmi eða, já alnæmi eins og var farið að kalla það þá, og eins og venjulega þá tekur maður tal saman áður en að viðtalið hefst en það gekk mjög stíðlega það samtal því herna fréttamaðurinn vildi aðeins, sagðist vera kominn til að fá svar við sínum spurningum og þær væru aðeins tvær, umgangist þið mikið hermenn á Keflavíkurflugvelli og í öðru lagi munið þið setta ykkur við ferðabann til útlanda þangað til lækning verður fundin upp? Þetta var nú svona viðhorfið á þessum tíma sko. Ég man að ég var svo reiður við hann að það var einhver annar sem að viðtalið var við að lokum. Það náttúrulega hjálpar ekki við svona viðkvæm efni að bera fram fáránlegar spurningar og svona fréttamaður á að reyna að nálgast herna umræðuefnið á jákvæðan hátt og, ef hann vill koma einhverjum upplýsingum til skila. Annars er þetta bara skemmtiefni.

H: Já það var nú afskaplega lítið talað um þessi mál, mér fannst það bara yfirleitt. Þetta var eitthvað sem að fólk talaði bara ekki um.

G: Þetta er eitthvað sem að er að þróast og hefur þróast á mjög sambærilegan hátt og afstaðan til homma og lesbía, að þegar Alnæmissamtökin eru stofnuð '88 að þá er þetta komið svona á þann grundvöll að það er hægt að fara að tala opinberlega í nafni einhvers og gera kröfur og standa fyrir skynsamlegri umræðu og allir aðilar sem bera ábyrgð hafa staðið sig held ég mjög vel. Og mér finnst umræðan hafa farið í mjög góðan farveg. Og það náttúrulega hefur náðst mjög góður árangur í bæði sambandi við veikindin sjálf og svona félagslegri aðstöðu og slíku sko. Ég held það sé óvída sem að smitaðir og sjúkir fá eins mikinn stuðning eins og hér. En maður er hálfhræddur við þessar nýjustu fréttir af lyfjunum sem eru náttúrulega ákaflega góð og gagnast mörgum vel en það er ekki vitað hvernig þau munu reynast til langsa tíma og ekki allir sem þola þau. En gagnvart unga fólkinu

og þeim sem ekki þekkja alnæmi af eigin raun eða kynnum við aðra að þá er maður ákaflega hræddur við þá afstöðu að nú séu komin lyf og maður þurfi ekki að gæta sín og það sé allt í lagi að lifa lífinu eins og var gert í gamladaga. Það eru stórhættuleg viðhorf.

G: Það er nú svo langt síðan að ég var næstum því búinn að gleyma þessu. Jú, jú, það var einum manni vísað frá þar með þeim skýringum að menn væru hræddir við alnæmissmit. Í sundinu.

G: Já, ég fór stundum í Loftleiðasundlaug í gamladaga, og þar eru nú margir ferðamenn og m.a. ferðamenn frá Ameríku mikið. Ameríka var nú á þessum tíma mikið heimaland alnæmisins. Svo var það einhverntímann þegar ég kom þarna og ætlaði að fara í sund þá var enginn lykill laus, enginn skápur laus. Svo kemur maður og skilar lykli og ég býst við að fá lykil en ekkert gerist, kemur annar maður og skilar lykli og ekkert gerist. Svo kemur maður inn utan af götu og ætlar í sund. Hann fær lykil. Og svo eftir dálítið góða stund þá fer ég að spyrja hvernig standi eiginlega á þessu og þá segir stúlkan, var ekki búíð að tala við þig? Nei segi ég, tala við mig um hvað? Ja, við viljum nú ekki að þú komir hingað í sund við erum svo hrædd við alnæmissmit. Ég fór náttúrulega með þetta en, en ef ég hefði haft áhyggjur af, rekið staðinn og haft áhyggjur af þessu þá hefði ég nú byrjað á því að loka á Ameríkanana.

*SSÓ: Urðuð þið eitthvað varir við svona hræðslu við bolla, taka í hendur?*

H: Nei ekki ég. Ég get ekki sagt það.

G: Ég hef hérna ekki orðið var við það sjálfur sko en maður hefur heyrt þær sögur að hérna það hafi komið maður á vinnustað og fengið kaffi og bollanum hafi verið hent á eftir. Maður hefur heyrt þessa sögu og ég held hún sé sönn.

H: Það hefur kannski frekar verið á hinn veginn að, að, að hommarnir hafi passað sig á þessum árum að svona gera öðrum það sýnilegt sko hvað þeir snertu. Ég held það frekar. Ég held það hafi frekar kannski verið við sjálfir sem að gerðum eitthvað í því.

G: Alnæmmi náttúrulega, er sá einstaki þáttur sem hefur haft hve mest, hefur mest ýtt á eftir því að hérna, við næðum réttindum. Alnæmi, alnæmishættan neyddi bæði yfirvöld og almenning til að horfast í augu við, við þann þjóðfélagshóp sem að þetta breiddist þá hraðast út í og menn sáu að þeir urðu að hætta þessum þykistuleik að vita ekki neitt og skilja ekki neitt og það yrði að fara að tala opinskátt og heiðarlega um samkynhneigða. Og þetta hefur áreiðanlega ýtt geysimikið á eftir því að

við næðum þeim markmiðum sem við höfðum sett okkur upphaflega. Þetta á bæði við hér á landi og erlendis.

Það er náttúrulega dýru verði keypt að fá þennan árangur á þennan hátt. Maður hefði náttúrulega viljað sjá hann verða öðruvísi, gerast á annan hátt. En svona er þetta orðið sko og það er mjög gott þetta að menn hafa brugðist við á réttan hátt hérna á Íslandi og í nálægum löndum. Í löndum þar sem er ennþá litið niður á samkynhneigða og þeir eru meira og meira í felum að þar hefur ekkert gengið í baráttunni við alnæmissmit. Menn verða að tala opinskátt um hlutina til að ná árangri. Það hafa alltaf verið mismunandi viðhorf til þess hver tilgangur félagsins ætti að vera. Hvort það ætti að vera fyrst og fremst hagsmuna- og baráttusamtök, fyrst og fremst skemmtifélag, allskonar viðhorf og stundum hafa menn ekki verið nógu umburðarlyndir gagnvart viðhorfum hvor annara. Svona félag þarf náttúrulega að vera, sinna mörgum þörfum. Bæði að vera hagsmuna- og baráttufélag og sinna félagslegum þörfum og að sinna, já hvað á maður að segja, svona skemmtanálífinu. Mismunandi viðhorf til þessara mála hafa stundum leitt til þess að menn hafa tekist á en ég er mjög ánægður með hvernig félagið hefur þroskast og haldið áfram að vera svona hagsmuna- og baráttufélag og sinnt félags, svona félagsmiðstöðvarstarfi og fræðslustarfi og öllu slíku og mér finnst það hafa tekið miklum framförum.

Já, ég hætti þarna desember '85. Þá voru svona einhverjar væringjar í félaginu. Væringar í félaginu sem að stöfuðu að hluta til af gömlum skoðanaágreiningi frá upphafi. Og félagið hélt þarna eina menningarviku sem að var með samkomur á hverju kvöldi og þar var almenningi boðið. Mismunandi umræðuefni á hverju kvöldi og þetta var bæði okkur í félaginu til upplýftingar og skemmtunar og fróðleiks og utanaðkomandi fólki til að kynnast okkur og sýna stuðning og þannig. Á eitt af þessum kvöldum þá hérna, æxlaðist samkoman ákaflega einkennilega með því að umræðuefnið var: Hvað viljum við með félaginu og með Samtökunum og hvernig sjáum við framtíðina? Það var mjög einsleitur hópur sem að mætti þetta kvöld. Vantaði marga sem ég hafði vonast eftir að sjá og þarna fór fram einskonar uppgjör. Það var haldin ræða, lesin gömul ræða frá átakaaðalfundi fjórum árum áður og hnýtt við hana örfáum orðum. Og síðan kom, var þarna lið af fólki sem að stóð og vitnaði. Og þetta snerist allt um mína persónu og mín störf í félaginu og svo fram eftir götunum og ég ákvað eftir þessa upptöku að hérna, eða mér fannst að félaginu hefði verið sýnd óvirðing, þarna var boðið almenning og þarna hefði fólk átt að sýna samstöðu og reyna að afgreiða þetta kvöld á menningarlegan hátt og sýna félagsþroska og ég var einfaldlega orðinn þreyttur á innanfélagsmálunum. Mér finnst aldrei erfitt að vinna útávið en það var oft erfitt að vinna

innávið. Og ég var löngu búinn að ákveða að hætta þarna á næsta aðalfundi, svo ég ákvað eftir þetta að hætta strax í stjórn. Og mér fannst það mjög mikill léttir náttúrulega að komast frá og mjög ánægður með það. Og lét mig hverfa svona frá félaginu bæði meðan ég var að taka afstöðu upp á nýtt og meðan aðrir væru að gera það líka. En það eru löngu, löngu komnar fullar sættir í þessu máli. Ég man varla lengur að segja frá því sko.

*SSÓ: Varstu sár?*

G: Já, já. Fyrst og fremst vegna félagsins. Mér fannst þetta mikil óvirðing við félagið. Svona fundur á að vera félagsfundur. Þetta á ekki að vera fyrir almenning. Sem betur fer voru mjög fáir utanfélagsmenn á þessum fundi en þeir sem að voru þarna af þeim þeir, og tóku til máls, þeir sögðurs vera gáttaðir á því sem gerðist. Þetta var bara svona á þessum tíma að hérna það vantaði svona kunnáttu kannski að starfa í félagi; hvenær á að rífast og hvenær að standa saman og svoleiðis. Og það var hvort sem er kominn tími á að ég færi að hvíla mig á þessu.

H: Nei, ég var ekki á þessum fundi. En ég var bara, ég var feginn þegar Guðni hætti í þessu stússi, mér fannst það orðið löngu tímabært. Þetta tók mikinn tíma, hann var meira og minna öll kvöld í þessu, og ég fann líka að þetta tók á hann. Ég fann það og ég vissi af þessum, kritum, og já ég fann það og eins og ég segi ég var bara guðslifandi feginn. Þetta var, þetta voru dálítið erfiðir tímar, þeir voru það. Ég hafði tekið dálítinn þátt í opnu húsi og svona já, já en ég var farinn að draga mig mikið í hlé löngu áður en Guðni hætti afskiptum af félaginu.

H: Ég myndi segja að það hafi bara tekið langan tíma. Hreint út sagt.

G: Nei, þegar maður sá að hérna félagið hélt svo skynsamlegri stefnu og var ennþá svona sama félagið þá náttúrulega vildi maður koma aftur og vera með. Ég hef ekki tekið neitt þátt í raun og veru í félagsstarfseminni, ég hef tekið þátt í svona einstökum, einstökum atvikum og svo náttúrulega tók ég að mér fyrir félagið að vera í nefndinni. Það fannst mér alveg sjálfsagður hlutur að gera það.

H: Okkur er ekki sama um þetta félag. Ekki þá og ekki nú. Hreint ekki, hverjir svo sem að stýra því.

G: Sko partur af því, af því að ég hef ekki verið virkur í félaginu, er sá að ég hef verið virkur í Alnæmissamtökunum frá upphafi og mér finnst ekki rétt að blanda saman þessum tveimur málefnum. Mér finnst að hérna það væri svolítið að villa heimildir á Alnæmissamtökunum ef maður væri að vinna að hommamálum samtímis. Nú fer ég bráðum að hafa verið nógu lengi í alnæmismálum og þá kannski verð ég virkari aftur í hommamálum.

[SSÓ spyr um kynslóðaskipti í Samtökunum]

H: Já, bara eins og annarstaðar í lífinu sjáum við það að það er, þetta er allt annað fyrir ungt fólk sem að er að átta sig á sjálfu sér í dag og koma úr felum. Þetta var heljarinnar mál hérna áður fyrr bara það að koma úr felum og það er ekkert sama hvernig það er gert.

G: Þjóðfélagið allt hefur auðvitað breyst svo mikið á þessum tuttugu árum að það, það er enginn hlutur óbreyttur sko, og sérstaklega á þessu sviði sko að þetta er orðið allt annað líf. En það samt, það vantar, vantar hérna sko kynslóðina sem að er eldri en við, hún er sú síðasta sem að varð eiginlega algjörlega úti sko. En eftir svona tuttugu ár þá verður nóg af gömlum körlum og kerlingum sem að eru lesbíur og hommar.

H: Svo voru alltaf nokkrir gamlir karlar sem að mér fannst alltaf mjög gaman að hafa með. Í gamladaga þá voru svona allskonar pælingar sko það var ekki, þessi, það er ekki sniðugt að þessi sé með eða hinn sé með, þessi karlinn eða þessi kerlingin eða ég hef nú heyrt að þessi eða hinn sé þetta eða hitt eða allskonar.

SSÓ: Hefurðu náð í einhvern af gömlu körlunum?

...

H: [Við Guðna] Já, þú þekkir það. Þú þekkir þetta með leyninúmerið sem menn höfðu. Og þetta að vera á línunni og allt þetta.

G: Þegar að við vorum að undirbúa hérna, undirbúa stofnfund Samtakanna, þá voru menn ákaflega varkárir með að enginn óviðkomandi kæmist í plögginn svo að hérna það sem við höfðum fjölritað til að senda út, fundarboðið á annan fundinn, það var allt saman vandlega merkt með tölustaf þvert yfir blaðið svo hægt væri að sjá hvaða lekinn kæmi ef að einhver mundi sleppa þessu í fjölmiðla eða eitthvað þessháttar. Menn voru ákaflega varkárir og hræddir. Það voru mjög fáir af þessum mönnum komnir úr felum á þessum tíma. Opinberlega. Og fundirnir voru þrír minnir mig og flestir sem að mættu á fyrsta fundinn og fæstir á þann síðasta. Fóilk heltist svona úr lestinn því að því fannst þetta vera dálítið svona framandi held ég eða ekki það sem það hafði vænst að þetta yrði. Og það voru ákaflega fáir sem að þekktu félagsstarfsemi erlendis t.d. Jafnvel þeir sem að höfðu verið, margir Íslendingar höfðu búið í Kaupmannahöfn og voru þarna einmitt heima á þessum tíma, að þeir þekktu ákaflega lítið til sjálfrar félagsstarfseminnar. Og kannski hefur það verið vegna þess að, ja fólk hafði ekki fengið náttúrulega, tækifæri til að þroskast í félagslífi. Fólk sem að er meira og minna í felum það getur ekki tekið mikinn þátt í félagslífi og lært svona hvernig maður starfar. En það var semsagt stofnað þarna félagið í maí '78 og kosin stjórn. Og hún hérna fór ákaflega hægt af

Svona fólk

stað. Það háði henni náttúrulega aðstöðuleysið og reynsluleysið. En smámsaman fórum við að reyna að koma þessu í gang og meðal þess fyrsta sem að við gerðum það var svona að reyna að hittast í heimahúsum og láta það heita félagsfund og þeir voru haldnir hjá nokkurm félagsmönnum. [Við Helga] Þú manst eftir fundi...

H: Ég man eftir fundi í Mjóstræti já, já í ónefndu húsi það uppi undir hanabjálka þar sem að þegar ég kom þarna þá sátu eitthvað fjórir, fimm strákar þarna pínlega þögulir og ég held að það hafi bara ekkert verið sagt á þessum fundi svei mér þá. Ég man ekki eftir neinu sem var sagt þar ég man bara að...

G: Þetta var nú kannski meira bara spjall um daginn og veginn en það var nú samt byrjunin á...

H: Já, já, það var það en bara ég man ekki eftir einu einasta orði sem að sagt var.

G: Þú hefur kannski verið svona upptekinn sjálfur af því að vera þarna.

H: Já það er nú örugglega, það er trúlegt. En þeir voru svona fundirnir og ég man líka eftir fundunum í Garðastræti í kjallaraholunni þar. Þar stóð fólk bara upp á endann en það var nú líka vegna aðstöðunnar bara það voru ekki sæti hreinlega.

G: Tekjurnar voru mjög litlar, það voru félagsgjöld sem að gekk mjög misjafnlega að innheimta og síðan var selt, voru seldir gosdrykkir og sælgæti á fundum. Það var nú allt og sumt og það hafðist ekkert inn fyrir neinni húsalegu framan af sko. En það voru þá einstaklingar sem að hlupu undir bagga.

G: Þegar að við flytjum á Skólavörðustíginn þá er kominn raunverulega grundvöllur fyrir að afla meiri tekna með því að við höfðum þar almennilæga kaffistofu þó hún væri lítil og þá fóru að koma inn meiri peningar heldur en áður og fólkinu fjölgaði svo sem að kom og greiddi félagsgjöld og smám saman hefur þetta náttúrulega bæst við en ég fylgdis raunverulega ekkert voðalega mikið með peningamálum lengi vel sko eða yfirleitt eftir byrjunina þá var ég formaður og aðrir sem voru gjaldkerar og þeirra áhyggjur að sjá um það.

H: Já, á þessum fyrstu árum þá var einu sinni, eða þá stóð félagið fyrir já, hálfpartinn fyrir, við fórum nokkur á menningar-, á frelsisviku í Stokkhólmi. Hvenær var það 1981 - '80?

G: '81 og '82 fórum við.

H: Já, það var alveg meiriháttar og áður en við fórum þá héldu Samtökin blaðamannafund á Hótel Esju og það kom einn blaðamaður. Ég man, jú það var nú eitthvað fjallað um þetta í fjölmiðlum.

G: Var það ekki?

H: Alla vega fréttaklausur.

G: Það var þáttur í því að, að við mönnumst á Íslandi að taka þátt svona í erlendu samstarfi og félagið, eða ég fór fyrst, árið '79 fór ég á fyrsta fund hjá Alþjóðasamtökum lesbía og homma sem að þá voru nýstofnuð og það fór einhver frá félaginu öll árin held ég sem að ég var formaður nema eitt ár held ég, og það er mjög gefandi held ég að fara á svona ráðstefnur og hitta margt fólk og hlaða batterín eins og sagt er sko. Og það fer ekki hjá því að maður flytji heim með sér bæði sko einhvern kraft og þekkingu og svona, maður fær svona meiri eldmód að kynnast fólki sem að er, er virkilega í eldlínunni. Svo á árinu '80 þá fórum við tvö, ég og ein lesbía, í fyrsta sinn á fund í Norðurlandaráði lesbía og homma sem að félagið hefur átt aðild að síðan. Það hefur einnig verið mjög gefandi og hefur verið svona vettvangur til þess, fyrir félögin á Norðurlöndum til að eiga samstarf við stjórnmalamenn í Norðurlandaráði og koma á framfæri kröfum og svona álitum okkar á þeim málum sem að okkur varða. Og þetta hefur á saman hátt verið mjög gefandi held ég, bæði fyrir okkur hérna á Íslandi og svo bara er það þónokkurs virði bara fyrir þá sem eru erlendis að við séum með líka. Við bæði gefum starfinu þeirra meiri breidd og gefum þeim meiri kraft svona gagnvart þessu bákni sem að þarf að eiga við í svona réttindamálum. Og einn þáttur í þessu var t.d. að efna til þessara frelsisviku lesbía og homma í Stokkhólmi sem að við fórum tvisvar og fórum svona í hópferð má segja. Og það held ég að hafi verið, átt ríkan þátt í því að efla andann hérna heima og svona auka mönnum kraft og áræði. Mennt sáu hvað var verið að gera erlendis og það var náttúrulega ævintýrlegt þá að vera í einhverri göngu og fundi með þúsundum lesbía og homma.

H: Og sækja tónleika, sækja messu í stórkirkjunni í Stokkhólmi, dómkirkjunni þar sem hommar og lesbíur lásu upp úr Biblíunni og sungu sálmar og allskonar svona lög og svo var kvikmyndahátíð og já, þetta að hitta allt þetta fólk. Þetta var manni svo nýtt, að það var alveg stórkostlegt.

*SSÓ: Hvað með erlendar heimsóknir hingað?*

G: Félagið hérna hefur haldið sko ársþing Norðurlandaráðs lesbía og homma á fimm ára fresti. Fyrst '83 og það hefur gefið náttúrulega mikinn styrk og vakið svona smá athygli held ég í fjölmiðlum, hefur verið reynt að nota það til þess.

G: Það er ábyggilega margt sem að mætti hafa farið öðruvísi heldur en það hefur æxlast, ég veit ekki hvað það ætti að vera samt því að eitt leiðir af öðru. Þetta fór hægt af stað, hefur ræst mjög vel úr starfseminni og hérna þessi tuttugu ár hafa virkilega staðið undir mínum væntingum held ég. Hvort eitthvað mætti betur fara, það er ábyggilega margt þannig en ég held að það hverfi þá í skuggann fyrir þessum árangri sem við höfum náð.



H: Já hann hefur haft mikil áhrif en ekki... [Um áhrif Páls Óskars]

G: Þau áhrif sem hann hefur haft hefur hann eingöngu vegna þess að tímarnir eru breyttir.

H: Já.

G: Og vegna alls þess sem kom á undan.

H: Og hans áhrif hafa verið öðruvísi. Þau hafa verið mikil en þau hafa verið öðruvísi. Það er ekkert mál að, að hérna, ef þú ræður svona nokkurn veginn, ef þú hefur aðgang að fjölmiðlum og svona þá geturðu frussað framan í fólk næstum því, mér liggur við að segja privat, þó hann sé svo opinber persóna, þá er hægt að frussa framan í fólk og fara svo heim til sín eða loka sig inni með hinum stjórnunum en allur almenningur hann, venjulegir hommar og lesbíur þeir búa með, þurfa að vinna í frystihúsunum, þurfa að vinna á togurunum og í allt öðru umhverfi. Og, og þau geta ekki, þau geta ekki kommúníkerað svona við fólk á sama hátt, í gegnum skjái og tæki og tól. Ég held það. Ég var sjálfur á togara og kom úr felum þar, það var ekkert mál, þegar ég var unglingur. Ég var ekki eini homminn um borð [Hlær].

G: Ég hef alltaf verið sannfærður um það að hérna að maður yrði að vera dálítið framsýnn og ég held að ég hafi fljótlega hugsað sem svo að maður yrði að spyrja sig, vernig vil ég hafa þetta í framtíðinni, hvernig vil ég hafa þetta eftir tíu ár, fimmtán ár, og fara svo að vinna að því að ná því markmiði. Og þegar að t.d. samvistarlögin voru komin á og þessi áfangar hafa nást sem að við höfum náð þá eiginlega hugsaði ég sem svo að ég vissi ekki alveg nákvæmlega í gamladaga hvernig ég vildi hafa framtíðina en einhvern veginn svona vildi ég hafa hana. Ég held það. Og ég held að við höfum náð mjög langt með að vinna að markmiðum félagsins. Félagið var með stefnuskrá frá upphafi. Stefnuskrá sem að var kannski dálítið svona hástemmd og voru ekki allir sáttir við eða fannst hún ekki vera nógu ljós, en ég held hún hafi innihaldið nákvæmlega það sem við höfum verið að vinna að og höfum unnið að síðan og félagið er ennþá að vinna að. Við höfðum frá upphafi held ég skýr markmið og þó kannski að einn og einn hafi misst sjónar á þeim og félagið kannski aðeins verið svona, hikandi, þá held ég að þetta hafi alltaf verið að þokast í svona þá átt sem að menn stefndu að í upphafi. Ég held að það sé engin tilviljun að sá árangur hefur náðst sem að orðinn er. Ástandið hér á landi er auðvitað afleiðing af því sem að hefur gerst í útlöndum. Það berast hingað útlendar stefnur og við fylgjumst með, en það þarf fólk og það þarf félag til að vinna nýjum straumum brautargengi. Ef að enginn væri hér á landi til að vinna að þessum sjónarmiðum, þessum nýju straumum erlendis, vinna þeim brautargengi hér á landi að þá hefði verið hætt við því að við

hefðum setið bara eftir. Það eru mörg lönd í heiminum sem að eru mjög aftarlega og langt fyrir aftan okkur í tímanum.

G: [Við Helga] Viltu segja eitthvað um ættleiðingar?

H: Nei ég hef engan áhuga á þeim. Fólk má ættleiða alveg út og suður mín vegna. Ég er ánægður með minn kött. [Hlær]